57. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss –
21. október kl. 8:15 í ráðhúsinu
Fundinn sátu: Björgvin Óskar Sigurjónsson, Eyrún Fríða Árnadóttir, Hjördís Edda Olgeirsdóttir, Reynir Ásgeirsson, Jack Michael Tunstall og Þórgunnur Torfadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. **Verkefnastjóri fór yfir stöðuna á vinnunni**
    a. **Mæling á jarðvegsdýpt niður á fast.** Lokið hefur verið við að mæla niður á fast á svæði C. Þrjár holur voru boraðar og voru þær 6,5 m, 7,5 m og 8,7 m. Meðaltal er um 7,5 m.
    b. **Kostnaðarmat**. Samið var við Verkís um að gera kostnaðarmat á byggingu íþróttahúss og ætti það að vera tilbúið í næstu viku eða byrjun þar næstu.
    c. **Mat á kostnaði við rekstur tveggja staðsetninga A og C.** Forstöðumaður íþróttamiðstöðvar og verkefnastjóri vinna að málinu og von er á niðurstöðu fljótlega.
    d. **Spurningalistar fyrir hagaðila**. Spurningalistarnir eru langt komnir og byrjað að senda þá á hagaðila.
    e. **Útboð á jarðvegsvinnu fyrir íþróttavöll.** Mikill áhugi hefur verið á útboðinu en lokadagsetning til að skila inn tilboði er 26. okt.
    f. **Útboð á gervigrasi**. VSÓ verkfræðistofa vinnur að gerð útboðsgagna fyrir gervisgrasi á íþróttavelli. Útboð á gervigrasi fyrir Báruna fer út í dag. Gervigrasið á Jökulfellsvelli verður með náttúrulegu fylliefni en gervigrasið í Bárunni verður fylliefnalaust. Ástæða þess er að auka loftgæði í Bárunni.
    g. **Samráð við knattspyrnudeild Sindra.** Í samtali verkefnastjóra við stjórn knattspyrnudeildar komu ekki fram neinar athugasemdir varðandi val á gervigrasi. Val á lýsingu á vellinum verður gert í samráði við notendur.
    h. **Farið yfir verkaáætlun**. Verkáætlun er á réttu róli.
    i. **Íbúafundur.** Stefnt er að íbúafundi seinni hluta nóvember. Umræður voru um tilgang fundarins og hvernig hann færi fram. Óskað verður eftir að bæjarstjóri komi á næsta fund til að ræða fyrirkomulag.

2. **Vinnustofa stýrihóps til að undirbúa matsviðmið og mikilvægi þeirra.** Þessi vinna verður notuð til að velja staðsetningu á íþróttahúsinu. Megin hluti tímans fór í þessa vinnustofu. Vinnan gekk vel og stýrihópurinn var sammála um vægi flestra atriða. Fulltrúar Kex og D lista vildu koma á framfæri að við val á staðsetningu hefðu eftirfarandi atriði vægi í matsviðmiðum;
    a. mikilvægi þess að eiga möguleika á að stækka húsið eða byggja við það og
    b. hvort það þurfi að byggja eitthvað fleira vegna annmarka sem gætu komið upp við val á staðsetningu.

    Ekki var einhugur um mikilvægi þessara atriða í stýrihópnum og fóru þau því ekki inn í matsviðmið.

    Verkefnastjóri verður í sambandi við stýrihópinn á næstu vikum og stefnt er að því að komast að niðurstöðu um matsviðmið og mikilvægi þeirra á næsta fundi.

3. **Næsti fundur verður 12. nóvember.**